



Barnatónleikar Hljómsveitin Pollapönk heldur tónleika fyrir leik- og grunnskólaborðn Mosfellsbæjar í Álafoskvos í dag. Pollapönk er hugarfóstur leikskólakennaranna Heiðars Arnar Kristjánssonar og Haraldar Freys Gíslasonar úr Botnleðju. Tónleikarnir eru ókeypis og hefjast klukkan tíu.

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 22 september

enskafyriralla.is

Enskuskóli Erlu Ara

Auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna með áherslu á tal Verð 25 þúsund fyrir 10 vikur (20 kennslust) - Styrkt af starfsmenntunarsjóðum

Pú ert velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt!

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com

Kennsla hefst í næstu viku



Bjóðum einnig námsferðir til Englands fyrir fullorðna og unglínga



Stóðhrossin eru á bilinu 600 til 800 talsins og reiðmenn sem taka þátt í ævintýrinu nálægt 200.

MYND/JÓN SIGURSSON

Gestir og heimamenn heillast af stóðinu

Mikið fjór verður í Húnavatnssýslu um helgina því stóði verður smalað á Laxárdal og það rekið í Skrapatungurétt. Paparnir hafa stimplað sig inn sem stóðréttarhljómsveit. Svo er sundurdráttur á sunnudag.

Gestum er boðið að taka þátt í stóðsmölun í Skrapatungurétt um helgina, leigja hesta hjá heima-mönnum eða mæta með sína eigin. Þetta er í tuttugasta skipti sem slíkt fyrirkomulag er við lýði og ýmislegt verður til gamans gert í tilefni af því.

Haukur Suska Garðarsson, Hvammi í Vatnsdal, lætur þennan viðburð ekki framhjá sér fara. Hann rekur ferðaþjónustu og býst við að um þrjátíu manns verði í för með honum, bæði fjölskylda og gestir. „Öllum finnst gaman að sjá hrossin frjáls í sumarhögum, fylgjast með þegar þau eru rekin til byggða og taka þátt í réttunum. Hestamenn koma víða að af land-

inu auk erlendra gesta og sumir koma ár eftir ár því þeir vilja ekki missa af þessu þjóðlega ævintýri. Mannlífsþátturinn er líka stór því bændurnir sjálfir eru auðvitað merkileg fyrirbæri!“

Lagt er af stað frá Strjúgsstöðum í Langadal kl. 10 á laugardagsmorgun og riðið sem leið liggur norður Laxárdal. Við Kirkjuskarörsrétt er áð um kl. 14 til að taka upp nesti eða kaupa sér veitingar. „Laxárdalurinn er merkilegur dalur og merki byggðar þar vel sjáanleg. Með í för eru kappar eins eins og Valgarður Hilmarsson og Gauti Jónsson sem þekkja hverja þúfu og segja vel frá,“ tekur Haukur fram.

Eftir áninguna er áfram haldið og stóðið rekið í Skrapatungurétt en beðið með frekari réttarhöld þar til á sunnudeginum. Veitingar fyrir svanga smala og aðra gesti eru á Pottinum og pönnunni á Blönduósi og á laugardagskvöldinu leika Paparnir í félagsheimilinu þar. Haukur telur Papana bestu stóðréttarhljómsveit landsins. „Þetta er svona alvöruball bæði fyrir yngri og eldri.“

Byrjað er að draga í sundur í réttinni um klukkan 11 á sunnudag og Haukur segir algengt að fólk finni þar sinn draumagæðing. Hægt er að panta á netfanginu vallih@centrum.is.

gun@frettabladid.is

-20%
af öllum vörum um helgina

Vorum að taka upp nýjar SOYA-vörur og nýja skokka.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR

MINÐ

Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.



20%

Afsláttur af málningarvörum



Woodex á Íslandi frá árinu 1977. Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.

TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500



Námskeið í Bowen Tækni

Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu. Virkar vel á hverskonar vandamál

Kennt í Reykjavík 8. - 12. október

Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.

Uppl. í síma 496-0769 og 897-7469 • Margeir www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is



Myndlistarmaðurinn Erró er löngu orðinn heimsfrægur fyrir list sína.

Klippimyndir Errós

ERRÓ-SÝNING VERÐUR OPNUÐ Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR Á MORGUN AUK ÞESS SEM EFNT VERÐUR TIL KLIPPI-MYNDASAMKEPPNI.

Listasafn Reykjavíkur efnir til listasýningar á laugardag og gefur þar að líta um 130 klippimyndir sem Erró hóf að gefa safninu árið 1989. Guðmundur Guðmundsson, oft betur þekktur undir nafninu Erró, mun koma til landsins af því tilefni og verður viðstaddur þegar Jón Gnarr borgarstjóri opnar sýninguna klukkan 15.

Við sama tilefni mun Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, kynna til sögunnar klippimynda-samkeppni, sem Erró býður nemendum og almenningsi að taka þátt í, og myndarleg verðlaun sem samkeppninni fylgja. Sýningarstjóri sýningarinnar er Danielle Kvarn.

- jáb

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“